

## Foreldrakönnun 2021 – Heildarniðurstöður og samantekt

100% foreldra mjög og frekar ánægð með líðan barnsins og með samskipti starfsfólks við barnið. 98% mjög og frekar ánægð með samskipti starfsfólks við það sjálft og 2,0% frekar óánægð. 97,9% ánægð með leikskólann og með dagleg viðfangsefni barnsins, 2% frekar óánægð. 94,1% mjög og frekar ánægð með starfshætti, 2% frekar óánægð.

98% foreldra telja leikskólann mjög og frekar vel stjórnað, 2% frekar illa.

100% foreldra mjög og frekar sammála að barninu líki vel í frjálsum leik og útvíst. 97,9% mjög og frekar sammála að barninu líki vel í samverustund, 2,1% frekar ósammála. 97,8% mjög og frekar sammála að barninu líki vel í hópstarfi, 2,2% frekar ósammála.

95% foreldra ánægð með fjölda barna á deild.

100% foreldra mjög eða frekar sammála að barnið fái hollan og góðan mat.

98% foreldra mjög eða frekar ánægð með húsnæði og aðstöðu, 2% frekar óánægð.

100% foreldra mjög eða frekar sammála að barnið fái stuðning eða hvatningu sem það þarf við námið, sé mætt á sanngjarnan hátt og sé hvatt til sjálfstæðis. 97,9% mjög eða frekar sammála að flest starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt, 2,1% frekar ósammála. 97,2% mjög eða frekar sammála að barnið fái stuðning ef upp koma vandamál, 2,9% frekar ósammála. 82,2% mjög eða frekar sammála að á deildinni séu notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnsins, 6,7% frekar ósammála.

100% foreldra mjög eða frekar sammála að námsumhverfi barnsins taki mið af áhuga, reynslu, sé öruggt, sé hvatt til rannsókna, sköpunar og tilrauna, hafi aðgengi að fjölbreyttum efnivið og hafi næg tækifæri til að leika sér.

100% foreldra mjög eða frekar sammála að barnið læri að bera virðingu fyrir sér og öðrum, fái leiðsögn um ásættanlega hegðun, næg tækifæri til að efla félagsfærni, eigi vini og læri tillitsemi við aðra.

97,8% foreldra mjög eða frekar sammála að þau séu látin vita af fundum og sérstökum viðburðum, 2,2% frekar ósammála. 95,7% mjög eða frekar sammála að hafa tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið og fjölskylduna til hópstjóra eða deildarstjóra og starfsfólk sé áhugasamt og samstarfsfúst þegar rætt er um barnið, 2,1% frekar ósammála. 92,1% mjög eða frekar sammála að hópstjóri eða deildarstjóri hlusti á skoðanir varðandi nám og þroska barnsins, 7,9% frekar og mjög ósammála. 85,1% mjög eða frekar sammála að fá að heyra þegar barninu gengur vel, 14,9% frekar og mjög ósammála. 77,1% mjög eða frekar sammála að vera vel upplýst um viðfangsefni sem unnið er í hópnum eða deildinni, 14,6% frekar ósammála.

75% foreldra sögðust vel eða töluvert upplýst um stefnu og námskrá, 25% lítið eða ekki.

93,8% foreldra mjög eða frekar sammála að tengsl við starfsfólk deildar sé góð, 6,3% frekar og mjög ósammála.

77,5% foreldra mjög eða frekar sammála að þau séu hvött til að taka þátt í starfinu, 22,6% frekar eða mjög ósammála.

89,7% foreldra mjög eða frekar sammála að atburðir sem þeim er ætlað að taka þátt í séu tímasettir þannig að þeir geti sótt þá, 10,3% frekar ósammála.

93,6% foreldra mjög eða frekar sammála að upplýsingar á heimasíðu, Facebooksíðu séu gagnlegar, 6,4% frekar og mjög ósammála.

94,4% foreldra fengu nægilegar upplýsingar um starfið frá hópstjóra á aðlögunartímanum og næg tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið, 5,6% fengu ekki. 94,1% höfðu kennara eða lykilaðila til staðar fyrir barnið og þau í aðlögunarferlinu og ánægð með hvernig aðlögun var háttað á deildinni, 5,9% höfðu ekki. 88,9% töldu tímabilið sem barnið dvaldi eitt lengjast dag frá degi, 11,1% töldu ekki. 88,2% sögðu barnið og þau hafi kynnst starfinu saman og hafi tekið þátt í því, 11,8 sögðu ekki.

100% foreldra mjög eða frekar sammála að áhersla er lögð á samstarf við grunnskólastigið og barnið fái að kynnst starfi grunnskólans á lokaári.

94,4% foreldra sáttt við aðkomu þeirra að flutningi barnsins á milli deilda, 5,3% mjög ósammála.

## Opin svör:

### Það sem foreldrum finnst gott við skólann:

- ✚ Öll börnin hafa tækifæri til að vera saman og útsvæðið er stórt. Það eru skemmtilegar tónlistarstundir og gott starfsfólk. Það eru reglulega settar inn myndir á Facebook frá starfinu í sérhóp fyrir deildina og gott að fylgjast með Appinu og sjá upplýsingar um barnið, sérstaklega í Covid.
- ✚ Metnaðarfullir kennarar sem eru til í að gefa mér tíma til að svara spurningum. Ég er mjög ánægður með starfsaldur kennara á deild barnsins og finnst eins og það sé tákn um að kennurum líði vel í vinnunni, sem ég tel vera afar mikilvægt. Samband kennara við barn er gott og barninu líður vel og talar oft um kennarana. Ég er ánægður með útvistina og við erum sérstaklega ánægð með tónlistartímana og uppfærslur frá deildarstjóra sem koma reglulega um hvernig gengur í hópnum. Ég er ánægður með að börnin virðast flest öll þekkja hvort annað og það virðist vera mikil sameining í skólanum. Mjög ánægður með matseðilinn.
- ✚ Starfsfólkið, samtal við foreldra, útivera, útikennsla, tónlistin hjá Asako og að það eru gerðir fjölbreyttir hlutir sem mér finnst vera mjög gott. Starfsemin er skipulögð, en ekki handahófskennd. Gott upplýsingaflæði til foreldra um starfið.
- ✚ Faglegt og metnaðarfullt starf sem unnið er. Metnaður í tónlist sem mér finnst frábært og eins hvað börnin fá að leika mikið, brasa og rannsaka. Mitt barn kemur heim með alls kyns glaðning (þornaða orma) í vasanum. Barninu finnst gaman að fara í vettvangsferðir, út fyrir skólann, það er fullt af skemmtilegum ferðum. Þau gerðu sultu (sem var hrikalega góð) í haust, elduðu á eldstæðinu úti og svo endalaust margt annað. Um fram allt er mikil væntumþykja, virðing og hlýja sem einkennir starfið. Við munum sakna Fögrubrekku.
- ✚ Það hversu mikið er um tónlist og fjölbreytt leikskólalóð (þó mikið sé um steypu). Starfsfólk nánast alltaf glaðlegt og vingjarnlegt.
- ✚ Tónlistarstarfið er frábært og listsköpun mikil. Börnin eru að gera margt skemmtilegt en okkur finnst það samt ekki sýnilegt (nema tónlistarstarfið).
- ✚ Vel skipulagður skóli. Ánægð með það sem gert er í tónlist og tekið er tillit til útveru þar sem mitt barn er með astma.
- ✚ Yndislegt starfsfólk og finnst skipta miklu máli að barninu okkar líði vel í skólanum, enda er það alltaf glatt að fara. Barnið lítur á starfsfólkið sem vini sína og ávallt er tekið vel á móti barninu. Flott tónlistarnám og skemmtileg aðstaða til útieldunar. Frábær hópur þarna og greinilega góð stjórnun.
- ✚ Barninu líður mjög vel og starfsfólk með yndislegt viðmót, duglegt að setja inn myndir af daglegu starfi sem er ótrúlega dýrmætt, sérstaklega þegar foreldrar fá ekki að fara inn á lóðina og eru í lítilli tengingu við starfið. Barnið virðist hafa nóg fyrir stafni á daginn og hefur tekið miklum þroskaskrefum eftir að það byrjaði.
- ✚ Talað er við barnið af virðingu, sköpun og ímyndunarafli eftir sem og sjálfstæði.
- ✚ Það ríkir mikil jákvæðni og gleði í skólanum, börnunum virðist líða vel og það er gaman að fá reglulega myndir af börnunum.
- ✚ Yfirleitt flottur matur, starfsfólk alltaf vingjarnlegt og hugsar vel um barnið mitt.

- ✚ Frábært starfsfólk.
- ✚ Frábært starfsfólk og góður andi.
- ✚ Góður og faglegur skóli með frábæru starfsfólki.
- ✚ Starfsfólkið nr. 1, 2 og 3!
- ✚ Starfsfólk númer eitt, tvö og tíu. Ótrúlega ánægð með starfsfólkið í heild. Þetta er þriðji leikskólinn sem við foreldrarir höfum barn á, að hinum ólöstuðum, þá finnst okkur glaðlyndi starfsfólks, hlýja og frábært viðmót alveg bera af. Maður fær á tilfinninguna að þetta sé staður sem sé virkilega gaman að vinna á og það smiti út frá sér.
- ✚ Ég er ánægð með hvað kennslan er fjölbreytt og alltaf gott að finna hvað það er góður mórall hjá frábæra starfsfólkinu.
- ✚ Fyrst má þakka henni Eddu fyrir að vinna gott starf og hún er mjög upplýst hvað varðar börnin, kennara og hvað er á döfinni. Mjög fjölbreytt starf og það er alltaf nóg að gera fyrir börnin og þeim leyft að spreyta sig á ýmsu. Þau sem sinna sínu starfi í Fögrubrekku er ómetanleg.
- ✚ Mér finnst yfirleitt vel tekið á móti okkur.
- ✚ Mér finnst einfaldlega allt við skólann frábært, hef ekki út á neitt að setja.
- ✚ Það er lítil starfsmannavelta, sem er væntanlega merki um starfsánægju og ég kannast við öll andlitin og nöfnin á flestum.

### **Það sem foreldrum þykir að betur megi fara í skólanum.**

- ✚ Ekkert hægt að setja út á Fögrubrekku.
- ✚ Svo sem ýmislegt út frá aðstæðum í samfélaginu, en ekkert sem á beint við skólann sjálfan.
- ✚ Tölvupóstur frá leikskólalastjóra eru oft óþarflega langir.
- ✚ Útivera stundum of löng og ég sakna þess að boðið sé upp á morgunmat.
- ✚ Erum það nýbyrjuð að við höfum ekkert út á að setja en hlökkum til að Covid 19 taki enda og að foreldrar fái að eiga í nánari samskiptum við skólann.
- ✚ Það mætti bæta aðstöðuna innan dyra, en veit ekki alveg hvaða eða hvernig, en það mætti alveg „spiffa“ þetta smá upp.
- ✚ Auka starfsdagur vegna starfsdags sem féll niður, vegna Covid 19, þótti mér kjánalegur.
- ✚ Heilt yfir erum við mjög ánægð. Á Covid 19 tímum mætti reyna að upplýsa foreldra aðeins meira um það sem gerist og sýna ennþá meira frá því sem gerist.
- ✚ Mögulega mætti auka þátttöku foreldra í starfinu, nú þegar betur hefur tekist að ná stjórn á faraldrinum. Finnst bannið við að mega ekki fara inn á lóðina stundum full ýktar (eins með að skilja dót ekki eftir í skólanum). Mögulega mætti slaka meira á þegar faraldurinn gengur niður og herða fljótt aftur þegar hann fer upp. Takmarkanir mættu vera meira lifandi og breytilegar eftir aðstæðum í samfélaginu hverju sinni, en sömu takmarkanir hafa gilt í heilt ár í raun. Vissulega er gott að fara varlega og starfsfólk hefur staðið sig með eindæmum vel í krefjandi aðstæðum.
- ✚ Finnst að Covid 19 hafi komið of mikið í veg fyrir meiri samskipti kennara og foreldra. Finnst stundum eins og þetta sé drop off/pick up þjónusta fyrir barnið, þar sem foreldrar fara aldrei inn fyrir hliðið en það myndast því lítill tími til góðrar umræðu um gang mála við hliðið sem leiðir af sér að við vitum lítið um daglegt starf skólans. Hvernig gengur dagsdaglega hjá barninu og hópnum og við dæmum það að mestu af líðan barnsins í skólanum (sem er góð).
- ✚ Vöntun á morgunmat á Covid 19 tímum og útveran í kuldalum á morgnana. Hljómar þínu eins og það sé of mikil vinna að skipuleggja starfið inni, svo þeim er bara hent út ... Það vantar upplýsingar um starf dagsins eða vikunnar, hvað var gert? Hvað verður gert? Vikuskipulag ...?
- ✚ Ef ég þarf að finna eitthvað þá er það helst, að það hefði mátt hafa foreldra fjarfund (foreldrar og deildarstjóri). Barnið mitt á það til að taka mikið af sér vettlinga (sem er kannski ekki hægt að gera neitt í), er stundum með ískalda putta þegar ég kem að sækja. Barnið er stundum ekki í peysu innan undir gallanum, en þetta hefur ekki verið vandamál, þá hefði ég sagt eitthvað.
- ✚ Meiri upplýsingar til foreldra í sambandi við barnið.
- ✚ Morgunmat þarf að byrja aftur og mig langar í meiri upplýsingar um hvernig barninu gengur í sínu námi og hvernig hegðun og atferlið er í skólanum.

- ✚ Mér finnst ég búin að missa alla tengingu við hvað fer fram í skólanum. Ég sakna þess þá sérstaklega að heyra litlu örsögurnar frá degi barnsins, það væri gott ef það væri hægt að nýta appið eða annað í þetta.
- ✚ Nota betur samskiptaforrit og vera virkari á Facebook. Láta vita hvernig barninu vegnar og ræða við foreldra. Nú orðið er þetta orðið eins og geymsla, maður kemur með barnið að hliðinu og sækir þar í enda dags. Engin samskipti við kennara og enginn veit neitt ef maður spyr um eitthvað. Ég vil foreldraviðtal, þó það sé bara í gengum Zoom eða Teams! Ég vilt geta rætt við kennarann um félagfærni barnsins og fleira.
- ✚ Það þarf að vinna með sjálfstraust barnsins, efla vitund þess og að þau hafi réttindi (Barnasáttmálinn). Við erum alls konar, hvað varðar félagsfærni og skapandi starf, tengsl við náttúruna, dýr og umhverfismál. Lesa saman, syngja of fleira.

### **Það sem foreldrum finnst sérstaklega gott eða sem betur má fara í daglegu starfi skólans.**

- ✚ Skólinn hefur leyst þær miklu áskoranir sem allir hafa staðið frammi fyrir með þrýði.
- ✚ Ótrúlega faglegt og flott starf.
- ✚ Breyting á útiaðstöðu er bæði góð og slæm. Frekar mikill „mínímalismi“ fyrir minn smekk. Kastalinn stórfurðulegur, útivera oft mikil, fáar rólur og rennibrautir.
- ✚ Er mjög ánægð með listsköpunina í skólanum en myndi vilja morgunmatinn inn aftur og uppfærslu á leikföngum.
- ✚ Skipulag er varðar Covid 19, mjög vel gert.
- ✚ Mikil útvera barnanna sem hófst í Covid 19 er mjög góð, halda því áfram.
- ✚ Covid 19 reglur skólans mættu vera endurskoðaðar til að samband foreldra við skólann yrði nánari og persónulegra. Að öðru leyti er skólinn til fyrirmyndar.
- ✚ I can't say anything now because of Covid 19, we have limited contact.
- ✚ Hef litla tilfinningu fyrir hvernig starfið er í Covid 19, en við fáum ekkert að heyra frá skólanum, nema það sem barnið segir. Mætti kannski nota appið meira í þetta. Finnst líka leiðinlegt að barnið byrji alla daga úti, mér liði betur með það, að lappa sjálf með barnið í gengum hliðið og kveðja svo við útihurðina (og þá geyma útifötin í skólanum).
- ✚ Barnið mitt er bæði ánægð að fara í skólann á morgnana og glatt þegar ég sæki það. Mér finnst hlýja og væntumþykja alltaf hafa litað starfið, eins er metnaður í tónlistarstarfi sem og öðru starfi. Frábært að hafa flotta útiaðstöðu og geta búið til kakó til dæmis. Í raun hefur ég ekkert nema gott að segja um Fögrubrekku, yndislegur skóli. Eins vil ég hrósa eldhúsinu og starfsfólkinu þar, virkilega flott.
- ✚ Almennt gott starf, en skólann má vera duglegri að láta við ef eitthvað kemur fyrir barnið.
- ✚ Að það sé gripið betur inn í þegar börnin meiða hvort annað eða græta.
- ✚ Við foreldrarnir hlökkum til að taka meiri þátt í starfinu og fá tækifæri til að kynnast foreldrum annarra barna og starfseminni inni á deildum.
- ✚ Það mætti vera meiri upplýsingar um hvernig barninu gengur í skólanum. Ég veit til dæmis ekki hvernig á að svara flestum spurningum í þessari könnun, vegna þess að ég er lítið upplýst um starfið í skólanum.
- ✚ Starfsfólkið er alltaf það sem fyrst kemur upp í hugann og það er algjör undantekning ef það er ekki tekið á móti börnunum með bros á vör, bara svo greinilegt hvað barninu okkar líður vel þarna. Mjög skemmtilegt að sjá myndir frá daglegu starfi, fá að sjá hvað er verið að bralla, því meira, því betra.
- ✚ Starfsfólkið er hreint út sagt frábært frá a til ö og eiga skilið því líkt hrós. Annað starf sem unnið er í skólanum, er einnig bara alveg til fyrirmyndar! 10 af 10.
- ✚ Gott upplýsingaflæði og frábært starfsfólk sem er alltaf mjög upplýst um flest allt tengt barninu hverju sinni. Eina sem ég skil ekki er það af hverju sé ekki morgunmat í skólanum, þrátt fyrir veiruna og ástandið tengt því. Aðrir matartímar halda sínu sessi og virðast ekki vera vandamál með það svo það er erfitt að botna í því af hverju þarf að taka út morgunmat.

### **Það sem foreldrum finnst sérstaklega gott eða sem betur má fara varðandi sérþarfir barns í tengslum við mat í skólanum.**

- ✚ Mjög vel að öllu staðið.
- ✚ Vel passað upp á að barnið fái réttan mat.
- ✚ Við værum til í að vita nákvæmlega hvað barnið fær í matinn alla dagana en vitum yfirleitt ekkert hvað barnið borðar og hvað er í matinn hjá börnum sem eru á sérþæði.

## Það sem foreldrum finnst sérstaklega gott eða sem betur má fara í námsumhverfi skólans.

- ✚ Mætti segja fleiri sögur.
- ✚ Ég veit mjög lítið um námsumhverfið, því það eru engir foreldrafundir.
- ✚ Veit ekki nógu mikið um starfsumhverfið svo ég geti myndað mér skoðun, en að öllu jöfnu virðist það vera mjög gott.
- ✚ Tónlistin er mikill kostur.
- ✚ Mikill metnaður til dæmis varðandi tónlist, þar fær sköpunargleðin að ráða, en einnig er börnunum kennt að vera í röð og sýna aga, sem mér finnst frábært.
- ✚ Tel mig ekki vita nóg hvernig daglegt starf er eða það svigrúm og val sem barnið hefur.
- ✚ Garðurinn er orðinn rosalega flottur eftir breytingarnar og hjálpar mikið í leik og starfi, að vera með svona fína aðstöðu. Húsnæðið sjálf er frekar mikið fullnýtt og mætti alveg við uppfærslum hér og þar, það sem starfsfólkið nýtir húsið vel, er aðdánarvert!

## Það sem foreldrum finnst sérstaklega gott eða sem betur má fara í samskiptum við skólann.

- ✚ Alltaf, ef eitthvað sérstakt er sem ég læt vita með til dæmis að morgni, þá þarf ég yfirleitt ekki einu sinni að minna á það, né varla tékka hvort það hafi skilað sér eða verið gert. Yfirleitt undantekningarlaust hefur það verið gert og allir svo vel upplýstir með allt. Svo frábær skóli.
- ✚ Er frekar ánægður með skólann og barnið er ánægð. Síðasta ár er samt búið að vera mjög skrítið í ljósi Covid-19, en starfsfólkið hefur staðið sig með þryði í þeim áskorunum sem ástandið hefur boðið upp á og eiga virkilegt hrós skilið fyrir það. Þetta ástand hefur þó ekki boðið upp á mikil samskipti, hvorki óformlega né formlega, þar sem foreldrar mega ekki koma inn á lóðina.
- ✚ Það er erfitt að segja eitthvað út af Covid-19, en margt er öðruvísi.
- ✚ Ég fæ litlar sem engar fréttir af barninu frá kennurum, en það væri mjög gott að fá upplýsingar um óhöpp eða annað markvert þegar maður kemur að sækja eða með því að fá skilaboð í Appinu, því skýringar frá barninu eru oft óljósar.
- ✚ Hafa foreldrafundi!!! Þó það sé Covid-19. Nota tæknina, en ég veit ekkert hvað er í gangi, hef ekki fengið fund síðan barnið var 3 ára.
- ✚ Við hlökkum til að geta tekið meiri þátt í starfinu og fengið að kíkja inn fyrir dyrnar.
- ✚ Það er mjög gott að hafa bæði skóla Facebook síðu og fyrir deildina. Kennarar eru duglegir að deila myndum og upplýsingum sem hefur verið sérstaklega gott síðasta árið þegar maður hefur varla komið inn á lóðina og ekki verið hægt að hafa neina foreldraviðburði. Ég sakna þó foreldrafunda með kennara, hefði gjarnan viljað hafa fjarfund bara um mitt barn. Veit að það er hægt að óska eftir því, hef ekki gert það, þar sem það var „ekkert sérstakt“ sem þarf að ræða, en sakna þess þó.
- ✚ Ég er mjög ánægð með að það er verið að nota Facebook og svo tölvupóst.
- ✚ Like to have more news about the baby photos.
- ✚ Samskiptin mættu vera nánari og opnari, en Covid-19 reglur skólans eru að koma í veg fyrir það, að mínu mati.
- ✚ Okkur finnst vanta samskipti, þar sem það er alltof lítið af upplýsingum varðandi vinnu skólans, dag frá degi. Við vitum lítið sem ekkert hvað fer fram í skólanum eða í hverju er unnið. Það er mjög gott að fá myndir og upplýsingar á Facebook um hvað hefur verið gert í skólanum, en það er enginn vettvangur til að ræða hvernig gengur í námi barnsins, nema í foreldraviðtölum, sem þurfa að vera oftar.
- ✚ Það er rosalega gaman að sjá myndir af starfinu og fá að vera fluga á vegg að fylgjast með barninu sínu. Ég væri til í að sjá meira af myndum og video, en það er bara frekjan í mér.
- ✚ Sóttvarnir og allt á hreinu hjá skólanum.
- ✚ Ég væri til í að fá upplýsingar um hvernig barnið stendur gagnvart hinum börnunum, hvort barnið sé duglegt að sækja í hin börnin og bara almennt um hvernig barnið er með hinum börnunum.
- ✚ Samskiptin mættu vera persónulegri, en ég hef aldrei fengið póst eða eitthvað frá starfsfólkinu, sem er ekki sent á alla.
- ✚ Það hefur ekki verið foreldrafundur lengi og litlar upplýsingar berast um nám og þroska barnsins innan skólans.

**Það sem foreldrum finnst sérstaklega gott eða sem betur má fara í upphafi leikskóladvalar barnsins.**

- ✚ Starfsfólk á mikið hrós skilið fyrir aðlögun í breyttum aðstæðum vegna Covid-19. Vissulega hefði verið ánægjulegra að fá að vera meiri partur af aðlögun og starfi yfir höfuð, en skiljanlega var/er það erfitt vegna Covid-19.
- ✚ Aðstæður höfðu mikið um aðlögun að segja, hefði hún verið „eðlileg“, þá væri frekar hægt að svara.
- ✚ Covid-19 gerði aðlöguninni mjög erfitt fyrir, en við höfum varla tekið þátt. Faðir hefur ekki komin inn í skólann og móðir 1x.
- ✚ Það var mjög vel staðið að aðlögun í alla staði.
- ✚ Upphafið byrjaði í Covid-19, en ég fékk það á tilfinninguna að allir í skólanum væru að gera sitt besta til að taka sem best á móti okkur.
- ✚ Það var sérstaklega gott að fá að tala við og kynnst kennurum á deild barnsins og fá að fara í gegnum skólann og skoða hann.

**Það sem foreldrum finnst sérstaklega gott eða sem betur má fara varðandi sérkennslu eða stuðning barnsins.**

- ✚ Bara þakklæti. Barnið okkar þurfti smá aðstoð með hreyfiproska og vorum við alveg ótrúlega ánægð með hvað kennarar og starfsfólk fót vel í að styðja barnið. Takk fyrir allt.

**Aukakönnun:**

**Foreldrar fengu aukaspurningu um hvort þeir voru ánægðir eða óánægðir með viðbrögð skólans við COVID-19 faraldrinum.**

63% foreldra voru mjög ánægð, 28,3% frekar ánægð og 8,7% frekar óánægð.

Samantek gerði leikskólastjóri í nóvember 2021.